

# **VIÐAUKI E**

SEM UM GETUR Í 1. MGR. 10. GR.

TOLLAR Á INNFLUTTUM SKIPUM, BÁTUM OG FLJÓTANDI  
MANNVIRKJUM

## VIÐAUKI E

### SEM UM GETUR Í 1. MGR. 10. GR.

#### TOLLAR Á INNFLUTTUM SKIPUM, BÁTUM OG FLJÓTANDI MANNVIRKJUM

1. Kanada skal smám saman, með þrettán jöfnum, árlegum lækkunum sem hefjast þremur árum eftir gildistöku þessa samnings, afnema tolla á innflutning til Kanada á framleiðsluvörum sem eru upprunnar hjá samningsaðila, skráðar í eftirfarandi töflu og flokkaðar sem B15. Fimmtán árum eftir gildistöku þessa samnings eiga tollarnir að vera afnumdir að fullu.
2. Kanada skal smám saman, með átta jöfnum, árlegum lækkunum sem hefjast þremur árum eftir gildistöku þessa samnings, afnema tolla á innflutning til Kanada á framleiðsluvörum sem eru upprunnar hjá samningsaðila, skráðar í eftirfarandi töflu og flokkaðar sem B10. Tíu árum eftir gildistöku þessa samnings eiga tollarnir að vera afnumdir að fullu.
3. Við gildistöku þessa samnings skal afnema tolla á innflutning til Kanada á framleiðsluvörum sem eru upprunnar hjá samningsaðila og flokkaðar í öll önnur tollskrársvið í 89. kafla samræmdu tollskrárinnar.
4. Að því er varðar skip í 89. kafla samræmdu tollskrárinnar, sem snúa aftur til Kanada eftir viðgerðir eða breytingar innan fríverslunarsvæðisins, er Kanada heimilt að leggja toll á þær viðgerðir eða breytingar sem á við um viðkomandi skip í samræmi við þennan viðauka.

<i>Tollskrársvið í Kanada</i>	<i>Grunntollar</i>	<i>Undirflokkur</i>
8901.10.00*	25%	B15
8901.20.00*	25%	B10
8901.90.90*	25%	B15
8902.00.10	25%	B10
8904.00.00	25%	B15
8905.10.00	25%	B15
8905.20.10	20%	B10
8905.20.20	25%	B10
8905.90.10	20%	B10
8905.90.90	25%	B15
8906.90.90*	25%	B10

5. Að því er varðar tollskrársvið sem eru auðkennd með (\*) skulu skip sem eru lengri en 294,13 m og 32,31 m að mestu breidd fá tollfrjálsan aðgang í Kanada við gildistöku þessa samnings.

---